

Reykjavík, 30. september 2021

Tilvísun: 2021090054/15.0

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólgötu 7
101 Reykjavík**Efni: Skilgreining á opinberri þjónustu og jöfnun aðgengis.****1. Almenn**

Vísað er til máls nr. 157/2021 í samráðsgátt stjórnvalda, sem birt var þann 19. ágúst 2021, með umsagnarfresti til 1. október 2021.

Fjaraskiptastofa hefur kynnt sér þau drög sem nú liggja fyrir um opinberra grunnþjónustu og jöfnun aðgengis að henni. Stofnunin tekur undir með skýrsluhöfundum um að nauðsyn þess að skilgreina opinbera grunnþjónustu, aðgengi og rétt íbúanna á þjónustunni. Mikilvægt er að sameinginlegur skilningur ríki á viðfangsefninu og mikið er til unnið ef um skilgreininguna og inntak hennar náist víðtæk sátt.

Snertiflötur Fjaraskiptastofu (áður Póst- og fjaraskiptastofnun) við viðfangsefni skýrslunnar eru einkum í gegnum það hlutverk stofnunarinnar í gegnum árin að tryggja alþjónustu og þar með aðgengi allra landsmanna að tiltekinni lágmarksþjónustu vegna fjaraskipta- og pósthjónustu.

Hliðstæðar reglur hafa um margt verið í gildi varðandi aðferðarfræði sem lög um fjaraskipti og lög um pósthjónustu áskilja um hvernig beri að tryggja lágmarksþjónustu innan alþjónustu, eins og hún hefur verið skilgreind á hverjum tíma. Á heimasíðu Fjaraskiptastofu er að finna fjölmargar ákvarðanir sem varða þennan tiltekna rétt notanda og þá um leið skyldur fjaraskiptafyrirtækja og pósthfyrirtækja til að uppfylla þennan rétt. Í fjaraskiptalögum nr. 83/2003 er þetta orðað með eftirfarandi hætti, sbr. 1. mgr. 19. gr. laganna: „*Allir notendur skulu eiga rétt á alþjónustu, óháð staðsetningu, með þeim undantekningum sem greinir í 2. og 4. mgr.*“ Í lögum um pósthjónustu nr. 98/2019 er samsvarandi skylda orðuð með eftirfarandi hætti í 1. mgr. 9. gr.: „*Allir notendur pósthjónustu á Íslandi eiga rétt á alþjónustu sem uppfyllir gæðakröfur og er á viðráðanlegu verði. Samsvarandi þjónusta skal standa til boða notendum sem búa við sambærilegar aðstæður. Alþjónusta skal á hverjum tíma taka mið af tækni- og samfélagsþróun.*“

Í báðum tilvikum er hins vegar gengið út frá því að markaðurinn sjálfur eigi að leysa þörf notanda fyrir skilgreinda lágmarksþjónustu, sbr. t.d. 3. mgr. 11. gr. laga um pósthjónustu og 2.

mgr. 19. gr. laga um fjarskipti. Opinber inngríp eiga því ekki að koma til nema slíkt sé beinlínis nauðsynlegt og þá með eins afmörkuðum hætti og kostur er.

2. Hugtakanotkun

Fjarskiptastofa telur það til mikilla bóta og til einföldunar fyrir stjórnvöld sem og borgara landsins að safnað sé saman á einn stað upplýsingum um réttindi borgaranna til hinnar ýmsu þjónustu. Á sama hátt getur það verið gott fyrir ríkið að hafa almennt yfirlit yfir þau réttindi sem ríkinu ber skylda til að veita borgurum landsins.

Í drögunum er stuðst við eftirfarandi skilgreiningu: „*Opinber grunnþjónusta er sú þjónusta opinbera aðila, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, sem er aðgengileg öllum landsmönnum óháð búsetu og nauðsynlegt er til að skapa fullnægjandi búsetuskilyrði í sjálfbærri byggð um land allt. Þannig er opinber grunnþjónusta forsenda þess að íbúar landsins geti stundað atvinnu og sinnt öðrum daglegum verkefnum og þörfum. Orðið „grunnþjónusta“ vísar héðan í frá til opinberrar grunnþjónustu.*“

Grunnþjónustan er síðan flokkuð sundur með eftirfarandi hætti í drögunum.

1. Lögbundin þjónusta þar sem opinberum aðilum er gert skylt, lögum samkvæmt, að veita stuðning.
2. Lögheimil þjónusta sem og þjónusta sem hefð hefur skapast um að einstaklingum og fjölskyldum standi til boða þrátt fyrir að ekki sé mælt fyrir um inntak þjónustu eða lágmarksviðmið í lögum.
3. Valkvæð verkefni sem stjórnvöld ákveða að sinna og veita íbúum stuðning eða aðstoð.
4. Aðrir þjónustubættir, skv. nánari skilgreiningu, sem tryggja jafnræði og jafnrétti meðal íbúa landsins og teljast forsenda búsetu í nútímasamfélagi í sjálfbærum byggðum um land allt.

Í drögunum er síðan fjallað um rétt til grunnþjónustu út frá almennu jafnræðisreglu 65. gr. Stjórnarskrár Íslands nr. 44/1944, sem og 75. gr. þar sem kveðið er á um vernd ýmissa félagslegra réttinda. Réttur til einstakra grunnþjónustu hins opinbera sé svo nánar tilgreindur í viðeigandi lögum og reglum. Jafnframt er lagt til að réttur til opinberrar grunnþjónustu verði skilgreindur með eftirfarandi hætti: „*Allir landsmenn skulu hafa jafnan rétt til opinberrar grunnþjónustu.*“

Þá er í drögunum að finna umfjöllun um nokkur sjónarmið sem lúta að aðgengi að grunnþjónustu hins opinbera og skipulagi hennar, t.d. að ef grunnþjónustu verði ekki viðkomið

á nærsvæði íbúanna, sem nánar er skilgreint fyrir viðkomandi þjónustu, njóti íbúar stuðnings sem tekur til kostnaðar við að sækja hana.

Að mati Fjarskiptastofu er til mikilla bóta í allri umræðu um réttindi og skyldur borgarana sem og opinberra aðila að greina og flokka réttindi með þeim hætti sem gert er. Um leið gæti skilgreiningin og sú flokkun sem mögulega kann að verða gerð á grundvelli hennar orðið nokkurs konar leiðarvísir fyrir stjórnvöld varðandi alla ákvarðanatöku þegar kemur að opinberri þjónustu.

Fjarskiptastofa telur hins rétt að koma að eftirfarandi athugasemdum um þá flokkun þjónustu sem fellur undir 1-lið. „Lögbundin þjónusta þar sem opinberum aðila er gert skylt, lögum samkvæmt, að veita stuðning.“ Sú þjónusta sem talin er tilheyra þessum flokkir, auk pósthjónustu, er m.a. heilbrigðisþjónusta, menntun, löggæsla, dóms og fangelsismál, þjónusta við aldraða, þjónusta við fatlað fólk, Félagsþjónusta sveitarfélaga og barnavernd.

Það er álit Fjarskiptastofu að pósthjónusta, líkt og fjarskiptaþjónusta, eigi að falla undir lið 4. „Aðrir þjónustubættir, skv. nánari skilgreiningu, sem tryggja jafnrétti meðal íbúa landsins og teljast forsenda búsetu í nútímasamfélagi í sjálfbærum byggðum um land allt.“, en eigi ekki að vera talin upp með þeirri lögbundnu þjónustu sem sett er undir 1. lið., sbr. einnig umfjöllun í kafla 1 um þær reglur sem gilda um hvernig beri að tryggja lágmarksþjónustu.

Vegna þeirra flokkunar sem stuðst er við í drögunum er einnig rétt að rifja upp tilefni og tilurð þess fyrirkomulags sem nú er við lýði er kemur að fjarskipta- og pósthjónustu hér á landi.

Sjálfstæð eftirlitsstofnun með mörkuðum fyrir fjarskipta- og pósthjónustu var fyrst komið á með lögum nr. 147/1996 um Póst- og fjarskiptastofnun.

Í greinargerð með frumvarpinu á sínum tíma segir m.a.:

„Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir að sérstök stofnun, Póst- og fjarskiptastofnun, taki að sér stjórnsýsluhlutverk á sviði fjarskipta- og póstmála sem lið í þeirri viðamiklu breytingu sem gerðar eru á fjarskipta- og póstmálum samkvæmt sérstökum lagafrumvörpum sem lögð eru fram samhliða þessu frumvarpi.

Með afnámi einkaréttar á sviði fjarskiptamála og með þeirri breytingu sem fyrirhuguð er á fyrirkomulagi póstmála, og aukinni samkeppni í þessum þjónustugreinum, er nauðsynlegt að setja á laggirnar sérstakan stjórnsýsluaðila sem annast almennt eftirlit með þessum málaflokkum hér á landi.“

Jafnframt er vikið að því að draga eigi úr einkaleyfum og auka frelsi á þessum sviðum innan efnahagssvæðisins, sbr. frumvörp til laga um fjarskipti og pósthjónustu.

Síðan segir m.a.:

„Jafnhliða þeirri breytingu, sem felst í afnámi einkaleyfa og útgáfu sérstakra rekstrarleyfa til samkeppnisaðila, er gert ráð fyrir því að öll almenn stjórnsýsla á fyrrgreindum sviðum verði falin Póst- og fjarskiptastofnun...“

Og enn síðar:

„Póst- og fjarskiptastofnun er ætlað sjálfstætt stjórnsýsluhlutverk á sviði fjarskipta- og póstmála (e. regulator) og er gert ráð fyrir að hún verði í daglegum störfum sínum óháð fyrirmælum samgönguráðuneytisins, þó svo að stofnunin heyri undir ráðuneytið.“

Þá er vikið að stofnun sérstakrar úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála til að slíta enn betur á möguleg tengsl ráðuneytisins og eftirlitstofnunarinnar:

„Með því móti er ætlunin að tryggja sjálfstæði stofnunarinnar m.a. með tilliti til þess að samgönguráðherra fer með eignarhald ríkisins á Pósti og Síma hf., sem kann að eiga í samkeppni við aðra aðila á umræddum sviðum, en með lögum nr. 103/1996 var Póst- og símamálstofnun breytt í hlutafélag og tekur sú formbreyting gildi þann 1. janúar 1997.“

Engar breytingar hafa gerðar á löggjöfnni að því er varðar þessar tilteknu meginreglur sem fjallað er um í greinargerð með lögum nr. 147/1996, um Póst- og fjarskiptastofnun, en Fjarskiptastofa, sbr. lög nr. 75/2021 og Byggðastofnun, sbr. lög nr. 106/1999, með síðari breytingum fara nú með þetta hlutverk. Aðkoma ráðuneytis og/eða Alþingis lítur því einungis að almennu eftirlitshlutverk með Fjarskiptastofnu og Byggðastofnun sem og setningu laga og reglna sem gilda eiga á viðkomandi mörkuðum. Jafnframt verður að ætla að með afnámi einkaréttar og opnun markaða fyrir póst- og fjarskiptahjónustu hafi einnig verið ætlunin að skera á pólitísk tengsl á rekstur þessara fyrirtækja á sínum tíma, sem og að eftirláta markaðnum sjálfum að þróa nýjar lausnir og tækifæri til sóknar.

Þá verður að álykta að þó að Íslandspóstur sé í eigu ríkisins telst fyrirtækið ekki opinber aðili í þeirri merkingu sem lögð er í hugtakið í þeim drögum sem nú liggja fyrir, sbr. upphafsorð í þeim drögum sem nú liggja fyrir „*opinber grunnþjónusta er sú þjónusta opinberra aðila, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, sem er aðgengileg öllum landsmönnum óháð búsetu....“*

Íslandsþóstur, sem í dag ber skyldu til að veita alþjónustu, sbr. ákvörðun PFS nr. 13/2020. Fyrirtækið er opinbert hlutafélag og fellur sem slíkt undir lög nr. 2/1995, um hlutafélag, með síðari breytingum.¹ Ef markaðsaðstæður væru aðrar hefði t.d. verið mögulegt að útnefna annað fyrirtæki til að veita þessa skilgreindu lágmarkspjónustu eða sleppa útnefningunni með öllu.

Með öðrum orðum ríkið ber ekki þær skyldur sem fjallað er um í lögum um fjarskipti og lögum um pósthjónustu með sama hætti og t.d. kveðið er á um skyldu ríkisins til að veita heilbrigðisþjónustu og til að tryggja menntun.

Inntaki alþjónustu er lýst í 9. gr. laga um pósthjónustu og í 11. gr. er fjallað um mismunandi aðferðir við að tryggja alþjónustu. Ekki er t.d. sjálfgefið að það þurfi að leggja á skyldur um alþjónustu, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga um pósthjónustu. Ef t.d. talið er að markaðurinn sé að leysa skilgreinda lágmarkspörf með fullnægjandi hætti, t.d. að þjónusta alla með sambærilegum hætti, þá yrði engin kvöð um alþjónustu lögð á markaðinn. Sama hugsun og fyrirkomulag er til staðar í lögum um fjarskipti, sbr. VI. kafli fjarskiptalaga nr. 83/2003.

Í þessu samhengi er einnig rétt að benda á að hvorki í lögum um fjarskipti né lögum um pósthjónustu hefur verið gengið út frá því að notandi eigi rétt á greiðslum ef ekki reynist unnt að veita viðkomandi fullnægjandi þjónustu. Þvert á móti hefur verið tekið fram að hægt sé að neita viðkomandi um þjónustu vegna kostnaðar. Hins vegar getur alþjónustuveitandi sjálfur átt rétt á tilteknum greiðslum að tilteknum skilyrðum uppfylltum, sbr. ákvörðun PFS nr. 1/2021. Í fjarskiptarétti hafa mál tengt mögulegri greiðsluskyldu til handa alþjónustuveitanda komið til úrlausnar PFS (nú Fjarskiptastofa) og hefur niðurstaða í þeim málum gengið í báðar áttir, þ.e. greiðsluskylda hefur verið talin vera fyrir hendi eða hún hefur ekki verið talin fyrir hendi. Meginreglan um fjármögnun á alþjónustu samkvæmt Evrópuregluverkinu hefur einnig verið sú að gert hefur verið ráð fyrir að markaðurinn sjálfur beri þann kostnað sem til fellur vegna alþjónustu í gegnum jöfnunarsjóð og sérstakt gjald sem lagt yrði á þá aðila sem starfa á viðkomandi markaði.

Að mati Fjarskiptastofu er mikilvægt að sú flokkun sem fjallað er um í drögum Byggðastofnunar sé rétt. Röng flokkun getur mögulega skekkt alla umræðu um hlutverk ríkisins innan hvers þeirra fjöggra flokka sem tilgreindir eru í drögnum. Á sama hátt getur röng flokkun haft óbein áhrif á þá opinberu aðila sem fjalla um réttindi og skyldur þeirra fyrirtækja sem starfa á viðkomandi mörkuðum.

Þá er flokkunin einnig mikilvæg með tilliti til þess sem fram kemur í skýrslunni að íbúar gera ekki alltaf skýran greinarmun á milli þjónustu ríkisins og sveitarfélaga. Óheppilegt gæti því verið m.a. með hliðsjón af núverandi löggjöf um pósthjónustu og því yfirlýsta markmiði með

¹ Sjá lög nr. 90/2006 (um opinber hlutafélög)

lögnum að koma á samkeppni á markaðnum, að flokka pósthjónustu, með hlutum eins og aðgengi að heilbrigðisþjónustu, menntun, löggæslu, félagsþjónustu sveitarfélaga og barnavernd svo eitthvað sé nefnt.

Í drögum Bygðastofnunar er einnig vikið að því að í þeim tilvikum þar sem einungis er hægt að veita tiltekna þjónustu í stærri kjörnum og höfuðborg þá þurfi að bæta íbúum upp skert aðgengi með styrkjum til að sækja þjónustuna. Vísað er í skilgreiningar í byggðaáætlun um skilgreiningar á nærsvæði. Hvað varðar pósthjónustu í þessu samhengi þá er sérstaklega vikið að því í 2. mgr. 9. gr. laga um pósthjónustu, að þjónustan geti fallið niður tímabundið við sérstakar aðstæður sem gera hana óhóflega kostnaðarsama. Hliðstæð regla er í lögum um fjarskipti, sbr. 4. mgr. 19. gr. laganna en þar er gert ráð fyrir að fjarskiptafyrirtæki geti neitað að veita tilteknum aðila þjónustu, svo sem vegna fjarlægðar eða kostnaðar.

Að mati Fjarskiptastofu ætti því að flokka pósthjónustu, með sambærilegum hætti og gert er með hugtakið fjarskiptaþjónusta þ.e. undir lið 4. „*Aðrir þjónustubættir, skv. nánari skilgreiningu, sem tryggja jafnrétti meðal íbúa landsins og teljast forsenda búsetu í nútímasamfélagi í sjálfbærum byggðum um land allt.*“, en ekki undir hugtakið „*opinber grunnþjónusta*“ eins og gert er.

3. Fjarskiptaþjónusta

Í drögnum er m.a. vikið að mikilvægi aðgangs að fjarskiptaþjónustu til stuðnings mörgum af þeim atriðum sem talin eru grunnþjónusta í drögum Bygðastofnunar.

Í upptalningu undir lið 4 „*Aðrir þjónustubættir, skv. nánari skilgreiningu, sem tryggja jafnrétti meðal íbúa landsins og teljast forsenda búsetu í nútímasamfélagi í sjálfbærum byggðum um land allt.*“, segir eftirfarandi í punkti 2:

- **Aðgangur að ljósleiðara** á heimilum og fyrirtækjum þar sem því verður við komið samkvæmt viðmiðum sem um það gilda en öðrum tegundum háhraðanets ella, telst eitt af grundvallaratriðum í nútímasamfélagi. Sjá lög um fjarskipti.

Vegna þessa er rétt að taka fram að í núgildandi lögum um fjarskipti nr. 81/2003 er miðað við í 1. mgr. 19. gr. að allir notendur eigi rétt á alþjónustu, óháð staðsetningu, með þeim undantekningum sem greinir í 2. og 4. mgr.

Þjónustan er skilgreind í 3. mgr. 19. gr.: „*Til alþjónustu telst m.a. símaþjónusta og þjónusta við öryrkja eða notendur með sérstakar samfélagslegar þarfir og gagnaflutningsþjónusta sem*

tryggir nothæfa internetþjónustu. Þjónustutegundir alþjónustu eru ekki bundnar tiltekinni tækni.

Sama staða er hér uppi og í lögum um pósthjónustu að ekki er skylt að útnefna fjarskiptafyrirtæki með kvöð um að veita alþjónustu, sbr. 2. mgr. 19. gr. „[ef] nauðsynlegt þykir til að tryggja fullnægjandi fjarskiptaþjónustu á sanngjörnum kjörum og þeirri þjónustu verður ekki við komið efeinungis er tekið mið af viðskiptasjónarmiðum getur Póst- og fjarskiptastofnun mælt svo fyrir að fjarskiptafyrirtæki sem rekur almennt fjarskiptanet eða fjarskiptaþjónustu skuli veita alþjónustu á starfssvæði sínu.“

Samkvæmt þessu er aðgangur að ljósleiðara ekki skyldubundin þjónusta samkvæmt lögum um fjarskipti eins og skilja mæti þau drög sem nú liggja fyrir og tilvísun í lög um fjarskipti.

Fyrirtæki hafa hins vegar verið að leggja ljósleiðara til heimila og fyrirtækja á markaðsforsendum. Þá hefur Fjarskiptasjóður staðið fyrir því að styrkja lagningu ljósleiðara, einkum í dreifbýli, sjá nánar á heimasíðu Fjarskiptasjóðs.² Samningar Fjarskiptasjóðs eru gerðir á grundvelli 23. gr. laga um fjarskipti um sértæka fjarskiptaþjónustu.

Staðan í lok ársins 2020 skv. gögnum Fjarskiptastofu er 87% heimila á Íslandi með aðgengi að ljósleiðara.

Í frumvarpi til nýrra fjarskiptalaga, (Þingskjal 2010-209. mál.), sem ekki var útrætt á síðasta þingi er fjallað um alþjónustu í X. kafla laganna. Ákvæði kaflans eru eftirfarandi. Í 62. gr. er fjallað um rétt til alþjónustu á viðráðanlegu verði. Í 63. gr. er fjallað um eftirlit með gjaldskrá innan alþjónustu og aðgengi að alþjónustu. Í 64. gr. er kveðið á um aðgengi að alþjónustu. Að lokum er í 65 og 66. gr. fjallað um kostnað og fjármögnun alþjónustu.

Um aðgengi að alþjónustu segir í 1. mgr. 62. gr. eftirfarandi:

„Neytendum skal á viðráðanlegu verði tryggður aðgangur að gagnaflutningsþjónustu sem tryggir nothæfa internetþjónustu og símaþjónustu með tilgreindum gæðum, þ.m.t. tengingu sem liggur að baki, á lögheimili eða aðsetri samkvæmt skráningu hjá Þjóðskrá Íslands.“

Þá er í 2. mgr. 62. gr. tiltekið að þjónustutegundir innan alþjónustu séu ekki bundnar tiltekinni tækni og í 4. mgr. er kveðið á um að réttur til alþjónustu sé ekki fortakslaus og geti verið háður takmörkunum vegna kostnaðar, landfræðilegra aðstæðna eða annars óhagræðis.

² <https://www.stjornarradid.is/verkefni/samgongur-og-fjarskipti/fjarskiptasjodur/>

Aðgengi notenda að tengingu með ljósleiðara um land allt er eitt af þeim atriðum sem eru skoðuð við mat á því hvort notendum sé boðið upp á, af markaðsaðilum, fullnægjandi þjónustu í skilningi X. kafla frumvarpsins. Líta verður þó til fleiri þátta, sbr. reglan í 2. mgr. 62. gr. um tæknilegt hlutleysi.

Einn er sá þáttur sem tengist aðgengi fjarskiptaþjónustu er verðlagning á þjónustunni. Í núgildandi lögum er kveðið á um að Fjarskiptastofa skuli hafa eftirlit með gjaldskrá alþjónustuveitanda og geti ákveðið hámarksverð, sbr. 2. mgr. 20. gr. núgildandi laga.

Í frumvarpi til nýrra fjarskiptalaga er eftirlitshlutverk Fjarskiptastofu þegar kemur að eftirliti með gjaldskrá innan alþjónustu rýmkað frá því sem verið hefur. Í 1. mgr. 62. gr. er talað um að neytendum skuli tryggður aðgangur á „viðráðanlegu“ verði og í 1. mgr. 63. gr. er kveðið á um að Fjarskiptastofa skuli fylgjast með þróun og verðlagi alþjónustu, skv. 62. gr. í smásölu, einkum með tilliti til landbundins verðlags og tekna neytenda. Heimild Fjarskiptastofu til inngripa er síðan orðuð með eftirfarandi hætti 2. mgr. 62. gr. frumvarpsins:

„Ef það er mat Fjarskiptastofu að smásöluverð fyrir alþjónustu skv. 62. gr. sé ekki viðráðanlegt fyrir tekjulága eða neytendur með sérstakar félagslegar þarfir séu útilokaðir frá aðgengi að þjónustunni getur stofnunin ákveðið að fjarskiptaþyrtæki sem veita alþjónustu bjóði upp á sérstaka gjaldskrá fyrir þessa tilteknu hópa eða grípi til annarra ráðstafana sem nauðsynlegar eru til að aðgengi að alþjónustu sé tryggt.“

Gert er ráð fyrir að ofangreindar skyldur Fjarskiptastofu, að því er viðkemur eftirliti með verðlagningu á fjarskiptaþjónustu innan alþjónustu, verði nánar útfærðar í reglugerð.

Aðgengi **allra** notenda að ljósleiðaratengingum, eða öðrum sambærilegum, t.d. 4- eða 5G er að mati Fjarskiptastofu nauðsynlegur grundvöllur undir það að hægt sé að veita ýmsa stafræna þjónustu til allra þegna landsins. Um leið hefur orðið sú þróun aðgengi að fjarskiptaþjónustu er orðin forsenda þess að hægt sé að nýta sér ýmsa opinbera þjónustu og þá um leið að taka þátt í samfélaginu með fullum hætti.

Þó að aðgengi að fjarskiptaþjónustu hér á landi sé gott miðað við alþjóðlegan samanburð er engu að síður nauðsynlegt að greina hvort það séu hópar í samfélaginu sem ekki eigi þess kost að tengjast við fjarskiptanetið og/eða nýta þá opinberu þjónustu sem oft á tíðum er einungis hægt að nálgast í gegnum netið. Þetta geta t.d. verið eldri borgarar, tekjulágir hópar, þeir sem búa afskekkt, hluti fatlaðra, heimilislausir og þeir sem af einhverjum ástæðum vilja ekki tengjast netinu.

Líklega yrði þó ekki um stóran hópa að ræða. Engu að síður er nauðsynlegt að gætt verði að réttindum þessa hóps í framtíðinni, enda aðgengi að fjarskiptatengingu og interneti oft orðin forsenda þess að hægt sé að nýta sér ýmsa opinbera þjónustu.³

Ef frumvarp til nýrra fjarskiptalaga, sem ekki var útrætt á síðasta þingi, verður lagt fram óbreytt hvað þetta varðar má gera ráð fyrir að aðgengismál tengt fjarskiptum, bæði aðgengi að tengingu sem og möguleg verðlagning hennar, komi til frekari skoðunar hjá Fjarskiptastofu.

Virðingarfyllst,
f.h. Fjarskiptastofu



Friðrik Pétursson

³ <https://island.is/s/stafrant-island>